

Berglind Guðmundsdóttir  
Umhverfis- og tæknisvið  
Hafnarfjarðarbærar

**Varðar:** Athugasemdir við frumdrög að deiliskipulagi Sléttuhlíðar í Hafnarfirði

Við undirrituð viljum gera eftirfarandi athugasemdir og fara fram á breytingar á frumdrögum deiluskipulags Sléttuhlíðar í Hafnarfirði:

1. **Kafli 1.4, Afmörkun skipulagssvæðis.** Okkur þykir gagnrýnisvert að ekki sé tekið heilstætt á öllum byggingum í upplandi Hafnarfjarðar. Þannig er ekki fjallað um húsnæði KFUM í Kaldárseli. Það sama hlýtur að gilda um þessar byggingar, a.m.k. það sem lýtur að náttúrvernd.
2. **Kafli 1.5, Hagsmunaðilar.** Í kaflanum er því haldið fram að haldnir hafa verið fundir með skráðum eigendum sumarhúsalóða. Ekki var haft samband við eigendur sumarbústaðarlóðar við Kaldárselsveg, landnúmer í landskrá fasteigna 121314. Við þetta gerum við athugasemd og teljum okkur hafa verið sniðgengin.
3. **Kafli. 1.7, Samantekt.** Ekki verður séð af gögnum skipulagstillögunar að sumarbústaðalóð okkar sé merkt. Gerum við athugasemdir við þetta. Næg gögn liggja fyrir bæði hjá Hafnarfjarðarbæ og hjá Fasteignamati ríkisins um hana.
4. **Kafli. 2.3.4 Akslóðar.** Við gerum kröfu um að gamli Kaldárselsvegurinn verði áfram fær bíum þ.a. hægt sé að komast að sumarbústaðalóð okkar akandi.
5. **Kafli 2.5, Gjárnar.** Í kaflanum stendur: „Lagt er til að mörk náttúrvættis breytist lítilega frá aðlaskipulagi, þar sem frístundabyggð var staðsett innan friðunarmarka. Mörk friðunar verði utan við lóðamörk lóða við Klifsholt, en þau sömu við Gjárnar.“ Við þetta viðljum við gera athugasemd. Við teljum að það sama gildi um okkar lóð og lóðirnar við Klifsholt. Þannig hefur það verið um áratugaskeið. Við fórum fram á að mörk friðunar verði utan við lóðarmörk okkar lóðar og að við njótum sömu réttinda og aðrir sumarbústaðalóðaeigendur á svæðinu.
6. **Kafli 2.7, Vatnsvernd.** Sumarbústaðalóð okkar er rétt innan við mörk grannsvæðis vatnsverndar eins og sú lína er dregin á teikningum skipulagstil-

lögunar. Ekki verður séð að vatnsbúskapnum stafi meiri hætta af húsi á okkar lóð en af flestum húsum í Sléttuhlíð, sem falla rétt utan við sömu línu. Einnig höfum við undir höndum upplýsingar frá vatnsveitustjóra og framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins um að rotþró með fullkomnum frágangi sé nægjanleg frá vatnsverndarsjónarmiði. Því verður ekki séð að ástæða sé fyrir Hafnarfjarðarbæ að yfirtaka eignir á þessu svæði með vatnsvernd í huga.

7. **Jafnræði.** Samkvæmt skipulagstillögunni er annarsvegar mælt fyrir um mjög ívilnandi reglur og hinsvegar mjög íþyngjandi atriði. Hafa verður í huga jafnræðisreglu stjórnarskrárinna og vafasamt að meina einum það sem öðrum er leyft. Einnig ættu höfundar skipulags að hafa í huga meðalhófsreglu stjórnarskrárinna þegar settar eru fram hugmyndir um að færa land úr einkanotum í almenn not.
8. **Náttúruvernd.** Við viljum benda á að fyrir um tuttugu árum hafði þáverandi bæjarstjóri uppi áform um að leyfa notkun gjáanna fyrir útileikhús. Í því sambandi voru uppi áætlanir um að ryðja svæði í gjánum fyrir bilastæði. Lóðarhafar á svæðinu mótmæltu þessu og með söfnun undirskrifta og með greinaskrifum í blöð var komið í veg fyrir þessi náttúruspjöll. Nýting landsins hefur því reynst vera náttúruvernd. Ekki verður séð annað en að nýting landsins sem sumarbústaðaland verndi það áfram.
9. **Almennt.** Umrædd sumarbústaðalóð við Kaldárselsveg var úthlutað með samþykkt bæjarstjórnar 1944. Síðan hefur hús og lóðarréttindi gengið kaupum og sölum tvisvar. Í seinna skiptið, þegar við keyptum árið 1974, var bænum boðinn forkaupsréttur sem hann nýtti sér ekki. Framin voru skemmdarverk á bústaðnum og honum nánast rutt um koll. Þá var ákveðið að taka hann niður m.a. vegna þess að klæðningarefni í húsinu var asbestos. Eftir stóð og stendur enn golfplatan. Þess hefur alla tíð verið gætt að greiða opinber gjöld af húsinu enda ætíð staðið til að endurreisa húsið. Af því hefur þó ekki orðið enn.

#### Virðingarfyllst

---

Thorgerd Elisa Mortensen

Hafnarfirði 12. desember 2006

Berist til:  
Skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar

Varðar:

Breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frístundabyggð í Sléttuhlíð,  
Hafnarfirði sem auglýst var 01. nóvember 2006.

Athugasemd:

Gerð er athugasemd við að ekki sé gert ráð fyrir sumarhúsalóð Thorgerdar E. Mortensen  
sunnan við gamla Kaldárselsveginn á skipulaginu. Thorgerd telur sig eiga fullan rétt til  
lóðarinna á meðan ekki hefur verið gengið frá samningi um annað.

Virðingarfyllst,

Thorgerd E. Mortensen

Thorgerd Elísia Mortensen  
kt. 010429-6179

Hallur Helgason

Hallur Helgason  
kt. 160658-5419

Daniel Helgason

Daniel Helgason  
kt. 160660-7249

J.H. Hallur Helgasonar, Kristín S. Helgadóttir

Hallur Helgason  
221164-3699

Kristín Svanhildur Helgadóttir

Kristín Svanhildur Helgadóttir  
150568-3159



5/13/2006